



## **Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps í Végarði 13. apríl 2015 kl. 16:00.**

Fundarmenn:

Eiríkur J. Kjerúlf, formaður

Helga H. Vigfúsdóttir

Jón Þór Þorvarðarson

Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi

### **1. Óbyggðasafn á Egilsstöðum.**

Lagðir fram breyttir uppdrættir af Óbyggðasafninu. Á þeim er brugðist við athugasemdum frá Brunavörnum sbr. fundargerð frá 13. júní 2013. Á breyttum uppdráttum er flóttaleið úr svefnrými stækkuð með því að koma fyrir hurð í stað glugga á norðurgafli og brunamótstaða milligólfs aukin.

### **2. Geymsluskúrar við Óbyggðasafnið.**

Steingrímur Karlsson sækir um stöðuleyfi fyrir þrjár Moelven vinnubúða einingar sem hann hyggst kaupa af sveitarfélaginu og standa nú við Bessastaði. Hann hyggst koma þeim fyrir neðan vegar milli skemmunnar og rotþróar. Þær verða nýttar til geymslu á búnaði sem tilheyrir starfsemi og rekstri safnsins. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir tilgreinda staðsetningu fyrir einingarnar og veitir þeim stöðuleyfi til eins árs.

### **3. Laugarfellsskáli. Aðstaða fyrir starfsfólk.**

Byggingarfulltrúi kynnti fyrirspurn frá rekstraraðilum Laugarfellsskála vegna fyrirætlana um uppsetningu á 4 stk. af Trimo vinnubúðaeiningum sem nýttar yrðu sem svefnaðstaða fyrir starfsfólk skálans. Í einingunum verði fjögur svefnherbergi, setustofa með eldunaraðstöðu og snyrting. Hugmyndin er að staðsetja einingarnar norðan við bílasstaðið og austan við rotþróna. Byggingar- og skipulagsnefnd sér ekkert því til fyrirstöðu að samþykkja erindið með útgáfu stöðuleyfis þegar nánari gögn berast.

### **4. Erindi frá Neyðarlínunni.**

Byggingarfulltrúi sagði frá erindum frá Neyðarlínunni um gerð lóðarleigu samninga fyrir fjarskiptamastur innan sveitarfélagsins. Fjarskiptamastur eru á Miðfelli og á Grjótárhjúk milli Grjótá og Kelduár. Einnig er fjarskiptamastur inn af Urgi sem athuga þarf nánar hvort er innan sveitarfélagsins. Fram að þessu hefur verið tregða að ganga frá lóðarleigusamningum fyrir mannvirki sem eru innan Þjóðlendu. Í janúar 2014 var gengið frá lóðarleigusamningi milli

Veðurstofunnar og Kirkjumálasjóðs fyrir veðursjá á Miðfelli. Sama ætti að geta átt við um mannvirki Neyðarlínunnar á Miðfelli.

### 5. Hengifossvæði. Deiliskipulag.

Greinargerð og uppdráttur deiliskipulags Hengifossvæðis var kynntur. Einnig var kynnt ákvæði í grein 6.2 í skipulagsreglugerð þar sem gerð er grein fyrir meðferð og kynningu á skipulagstillögum. Byggingar- og skipulagsnefnd gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við tillöguna og vísar henni í hefðbundið ferli skv. áðurnefndri grein í skipulagsreglugerð.

### 6. Erindi frá Mannvirkjastofnun.

Kynnt bréf frá Mannvirkjastofnun dags. 20. janúar sl. þar sem boðuð er úttekt á gæðastjórnunarkerfi byggingarfulltrúa fyrir Fljótisdalshrepp. Í bréfinu er vakin athygli á 10. gr. gjaldskrár fyrir verkefni og þjónustu Mannvirkjastofnunar nr. 310/2011 þar sem segir: Mannvirkjastofnun innheimtir gjald fyrir úttektir á gæðakerfum byggingarfulltrúa. Lágmarksgjald fyrir úttekt er kr. 38.000.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17.  
Fundaritari: Sveinn Þórarinsson

Sign: Eiríkur J. Kjerúlf  
Helga H. Vigfúsdóttir  
Jón Þór Þorvarðarson

Sagt frá erindum sem bárust og/eða farið var í eftir fundarlok

- a) Erindi frá Jóni Agli Sveinssyni  
Jón Egill á landspildu í landi Þorgerðarstaða sem skráð er í Þjóðskrá. Hann óskar nú eftir að fá að koma þar fyrir 15 m<sup>2</sup> óeinangruðu garðhýsi. Skv. byggingarreglugerð grein 2.3.5. *Minniháttar framkvæmdir undanþegnar byggingarleyfi* fellur þetta smáhýsi undir greinina og er því ekki byggingarleyfisskyld framkvæmd.
- b) Miðvikudaginn 22. apríl var farið að Laugarfelli vegna staðsetningar á aðstöðuhúsi fyrir starfsfólk. Í förinni voru GI, EJK og SP. Staðarhaldarar voru á staðnum. Staðsetning hússins var ákveðinn á staðnum og er gerð grein fyrir henni á meðfylgjandi uppdrætti.
- c) Óbyggðasafn. Úttekt á rakavarnarlagi og flóttaleið úr svefnrými. Sjá meðf. myndir.

Staðsetning á starfsmannahúsi við Laugarfellsskála



FLJÓTSDALHREPPUR – BYGGINGARFULLTRÚI  
Végarði, 701 Egilsstaðir



Óbyggðasafn. Flóttaleið úr norðurgafli.



Óbyggðasafn. Stigi uppá svefnloft.